

Nr. 066 / 11 Tryggvi Eðvarðs SH 2***Bilun í stýrisbúnaði***

Skipaskr.nr. 2800
Smíðaður: Hafnarfirði 2010 plast
Stærð: 14,96 bt.
Mesta lengd: 12,45 m Skráð lengd: 11,36 m
Breidd: 3,74 m Dýpt: 1,40 m
Vél: Cummins 359,2 kW 2010
Fjöldi skipverja: 3



Tryggvi Eðvarðs ©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. maí 2011 var Tryggvi Eðvarðs SH 2 að draga línu um 13 sml. suðvestur af Malarriði. Veður: NA 8-10 m/sek

Skipstjóri varð var við að aðvörunarkerfið fór í gang og við athugun sást að aðvörunin kom frá glussakerfi og þegar að var gáð var farin í sundur slanga að hliðarskrúfu á skut.

Skipstjóri hafði samband við björgunarsveit og fékk hana til að koma með viðbótar glussa. Eftir að skipt hafði verið um slönguna og sett olía á kerfið virkaði stýrið og hliðarskrúfur eðlilega.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var tekinn upp hjá skipasmíðarstöð til fyrstu skoðunar skömmu eftir atvikið. Skipstjóri sagðist ekki hafa séð neitt á hliðarskrúfunni, sem slangan var tengd við, er benti til þess að eitthvað hafi komið í hana og orsakað högg í kerfið;
- að skipstjóri sagði að báturinn hafi verið afhentur nýr og farið fyrst til róðra í nóvember 2010. Hann teldi því að tilfallandi galli hafi verið í slöngunni þar sem gat kom á hana en um tíma hafi hún lekið lítilllega.

Nefndarálit:

Orsök óhappsins var gölluð slanga.